

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. mars 2016
2016020029/42-8
TB
jgo/tb

Umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,8 MW virkjun Mjólka VI, virkjun vatns á aðrennslissvæði Skötufjarðar til Mjólka í Arnarfirði

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,8 MW virkjun Mjólka VI, virkjun vatns á aðrennslissvæði Skötufjarðar til Mjólka í Arnarfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Eins og Orkustofnun bendir á virðist rannsóknasvæðið skarast á við rannsóknasvæði vegna umsóknar VesturVerks ehf. um virkjun Hundsár í Skötufirði og Hestár í Hestfirði. Náttúrufræðistofnun bendir á, bæði vegna þessarar umsóknar og vegna annarra umsókna á þessu svæði, að svo virðist sem að verið sé að vinna að hugmyndum um virkjanir sem muni meira og minna ná til stýringar á vanti á öllu fjalllendu/hálendinu milli nokkurra fjarða í Ísafjarðardjúpi, þ.e. frá Ísafirði að Hestfirði og fjarða á Barðaströnd/Reykholasveit þ.e. frá Vattarfirði að Vatnsfirði. Gera verður ráð fyrir því að rannsóknir taki mið af því að á síðari stigum verði að skoða heildaráhrif um nýtingu og vernd vegna allra þeirra hugmynda sem eru um virkjanir á þessu svæði.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

